

Byggingarfulltrúi Eyjafjarðarsvæði

Óseyri 2 pósthólf 120 602 Akureyri

S. 4604477 8935350 bréfsími 4604478

Árið 2014, þriðjudaginn 15. apríl, kl. 13.30 kom byggingarnefnd Eyjafjarðarsvæðis saman til **92. fundar** að Óseyri 2, Akureyri. Formaður Hreiðar Bjarni Hreiðarsson, setti fundinn.

Fyrir voru tekin eftirtalin erindi:

1. Tera ehf, Gamla-Skólahúsinu, Grenivík, sækir um leyfi fyrir breytingum og viðbyggingu á Túngötu 3, Grenivík (Jónsabúð). Í húsnæðinu verður rekin verslun, veitingaaðstaða, Sparisjóður Höfðhverfinga og skrifstofur sveitarfélagsins. Meðfylgjandi eru teikningar frá AVH teiknistofu dags. 17.02.2014.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

2. Kjarnafæði hf, Fjölnisgötu 1b, Akureyri, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við hús nr. 10 í húsamstæðu fyrirtækisins á Svalbarðseyri. Viðbyggingin og rampur að henni er fyrir vöruafgreiðslu. Meðfylgjandi eru teikningar frá Opus teikni-& verkfræðistofu dags. 03.03.2014, verk nr. 051001.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

3. Rögnvaldur A. Sigurðsson, Dvergagili 6, Akureyri, sækir um leyfi fyrir að rífa gamalt sumarhús og byggja nýtt á lóð í landi Sigluvíkur Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá teiknistofunni Arko, dags. 21.02.2014, teikn. nr. 101 og 102.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

4. Jóhannes Fossdal, Oddagötu 8, Reykjavík, sækir um leyfi fyrir að gera íbúðarhúsið að Geldingsá, Svalbarðsstrandarhreppi, sem nú er skráð tvær eignir samkvæmt eignaskiptasamningi, dags. 01.09.1996 að einni eign, og fella þar með úr gildi eignaskiptasamninginn.

Byggingarnefnd samþykkir erindið fyrir sitt leyti.

5. Einar Kolbeinsson, Bólstaðarhlíð, 541 Blönduósi, sækir um leyfi fyrir frístundahúsi á lóð nr. 14 í Kotabyggð, Svalbarðsstrandarhreppi, samkvæmt meðfylgjandi teikningum frá Stefáni Árnasyni, dags. 25.03.2014, verk nr. 2014-005. Teikningar sýna að byggja eigi húsið í tveimur áföngum. Fyrir liggur afgreiðsla skipulagsnefndar Svalbarðsstrandarhrepps, staðfest af sveitarstjórn.

Byggingarnefnd samþykkir erindið með því skilyrði að húsið verði byggt í einum áfanga eins og fram kemur í afgreiðslu skipulagsnefndar Svalbarðsstrandarhrepps. Nefndin telur þó, að þetta sé ekki heppilegt upphaf á íbúðarhúsi. Af þeim sökum væri eðlilegast að húsið yrði fjarlæggt, ef til þess kemur að byggt verði íbúðarhús á lóðinni.

6. Mælifell ehf, Háholti 2, Vopnafirði, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við sumarhús á lóð nr. 13 í skipulagðri sumarhúsabyggð á jörðinni Eyrarlandi, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi eru teikningar frá Opus teikni-& verkfræðistofu, breyting dags. 19.12.2013, verk nr. 000502.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

7. Jólagarðurinn ehf, Sléttu, Eyjafjarðarsveit, sækir um leyfi fyrir að byggja verslunarhús (Svartahúsið) á lóð Jólagarðsins, sem er úr landi Kropps, Eyjafjarðarsveit. Meðfylgjandi teikningar eru frá H.S.Á. teiknistofu, dags. 02.02.2014, verk nr. 14-601.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

8. Helgi Jóhannsson, Sílastöðum II, Hörgársveit, sækir um leyfi fyrir viðbyggingu við sumarhús mhl 03, sem er á lóð Sílastaða II. Meðfylgjandi eru teikningar frá Opus teikni-& verkfræðistofu, dags. 14.03.2014, verk nr. 981001.

Byggingarnefnd samþykkir erindið.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 15.15

Hreiðar B. Hreiðarsson

Elmar Sigurgeirsson

Egill Bjarnason

Hermann Jónsson

Björn Ingason

Jósavin Gunnarsson